

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hjartar Snorrasonar og Ragnheiðar Torfadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. maí 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hjartar Snorrasonar og Ragnheiðar Torfadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hjartar Snorrasonar og Ragnheiðar Torfadóttur. Heimilisfang hans er að Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður til minningar um Hjört Snorrason og Ragnheiði Torfadóttur skólastjórahjón á Hvanneyri af sonum þeirra á 75 ára afmæli Hvanneyrarskólans 1964.

Stofnframlag til sjóðsins var þá kr. 50 000,00. Hefur það síðan verði aukið með viðbótarframlögum og ávöxtun þannig, að höfuðstóll sjóðsins var kr. 2 857 250,49 hinn 1. janúar 1988.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, og skal ávallt leggja við hann a. m. k. ¼ hluta vaxtanna og verðbætur allar, sbr. 6. gr. Sjóðinn má auka með gjöfum og öðrum framlögum.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að veita árlega bókaverðlaun þeim nemanda, sem hæsta einkunn hlýtur í verklegum greinum á burtfararprófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri. Hljóti tveir eða fleiri sömu einkunn, sker einkunn fyrir ritgerðir úr um það, hver hlýtur verðlaunin.
2. Að styrkja kandiðata frá búvísindadeild Hvanneyrarskóla eða aðra, ef sérstaklega stendur á, til framhaldsnáms erlendis eða til rannsókna í búvísindum. Stjórn sjóðsins ákveður, hvenær styrkur er veittur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:

1. Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, og er hann formaður stjórnarinnar.
2. Magnús B. Jónsson fyrrv. skólastjóri á Hvanneyri, en er hann hætir störfum í stjórninni, deildarstjóri búvísindaeildar Hvanneyrarskólans.
3. Einn af niðjum þeirra Hjartar og Ragnheiðar, í fyrstu Torfi sonur þeirra, sem tilnefnir varamann fyrir sig. Er Torfi fer ú sjóðsstjórninni, tekur varamaðurinn sæti aðalmanns í stjórninni og tilnefnir varamann sinn og eftirmann og svo koll af kolli.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir sjóðsins. Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum álíka hætti, sem sjóðsstjórnin er sammála um, að telja megi jafnöruggan.

Reikningur sjóðsins skal fylgja ársreikningum Hvanneyrarskólans og endurskoðast á sama hátt og þeir. Reikningurinn skal birtur í skýrslum skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Verði sú breyting á Hvanneyrarskóla, að breyta þurfi skipulagsskrá þessari, til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum, skal landbúnaðarráðuneytinu heimilt að gera slíkar breytingar á henni að höfðu samráði við stjórn sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta.

1. gr.

Við innflutning á forsmíðuðum byggingum og sérstaklega tilsníðnum byggingahlutum skal greiða í ríkissjóð jöfnunarálag í tveimur gjaldflokkum, af vörum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við lög nr. 55/1987, tollalög, sbr. lög nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum:

A. Af vörum í tnr. 4418.9001, 6810.9100, 7308.9001, 7610.9002 og 9406.0009 greiðist 6% gjald.

B. Af vörum í tnr. 9406.0001 greiðist 3% gjald.

Jöfnunarálag skal lagt á tollverð álagsskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.—10. gr. tollalaga nr. 55/1987.

2. gr.

Jöfnunarálag skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu álagsskyldra vara og skal gerð grein fyrir því í reit 40 í aðflutningskýrslu.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um úrskurð um flokkun til álagsskyldu, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunarálag af innfluttum álagsskyldum vörum samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 55/1987, tollalaga, með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 120. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. júní 1988.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.